

HEILDARSTEFNA 2020 - 2021

Drög að stefnumótun stjórnar sambandsins

Drög 21. mars 2020



INNGANGUR

Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) var stofnað þann 1. desember 2019. BFSÍ tekur við hlutverki Bogfiminefndar ÍSÍ sem æðsti aðili bogfimiþróttanna innan vébanda Ólympíu- og íþróttasambands Íslands (ÍSÍ). Á stofnþinginu voru samþykkt lög sambandsins þar sem kveðið er á um tilgang og almenn markmið sambandsins. Á grundvelli laganna þarf að móta stefnu um það hvernig starfa eigi eftir lögunum og útfæra þau í framkvæmd.

Hvaða “viðskiptavinum” ætlar BFSÍ að þjóna?

Hvaða virðisauka ætti BFSÍ að skapa fyrir aðildarfélögin innan sambandsins og iðkendurnar innan vébanda þeirra?

Þetta skjal er tilraun stjórnar BFSÍ til stefnumótunar til þess að starfa eftir fram að fyrsta bogfimiþingi sem haldið verði 2021. Drögin að heildarstefnunni eru byggð að hluta á fyrirmynd frá alþjóða bogfimisambandinu (Targeting Gold – The World Archery Workbook to developing a successful strategy)¹. World Archery hefur á stefnuskrá sinni að öll landssamböndi setji sér slíka stefnu.

Heildarstefnan er einnig hugsuð sem skýring og rökstuðningur fyrir fjárhagsáætluninni sem lögð verður fyrir formannafund BFSÍ í mars 2020. Þannig að þetta skjal getur verið umræðugrundvöllur um hvert sambandið stefnir á fyrsta starfsári sínu. Mikil óvissa er hins vegar til staðar bæði vegna þess að sambandið er nýtt og margir þættir óljósir af þeim sökum auk þess sem Covid-19 veiran er að valda miklum ursla í samfélaginu, íþróttastarf í landinu er hálf lamað og alþjóðlegum² bogfimi-mótum hefur verið frestað eða aflýst.

Stjórn


Bogfimisambands Íslands

¹ <https://worldarchery.org/news/155253/world-archery-releases-targeting-gold-assist-members-strategic-planning>

² <https://worldarchery.org/news/178285/international-archery-suspended-until-30-april-due-covid-19-outbreak-1>

HELSTU MARKMIÐ OG AÐGERÐIR 2020 -2021

Stefnunni er skipt upp í 6 málefnasvið. Eftirfarandi mynd er tekin úr framangreindu riti WA.



Stjórn Bogfimisamband Íslands (BFSÍ) hefur lagt drög að því að vinna að eftirfarandi markmiðum og aðgerðum fram að bogfimiþingi sem haldið verður á árinu 2021.

A. Grasrótin

Grunnurinn að öfluggu starfi bogfimi-íþróttafélaga í landinu er öflugt grasrótastarf (grassroots development). Áður en fólk fer að stunda bogfimi sem afreksíþrótt þá hefur það oftast komist í kynni við bogfimi áður sér til skemmtunar eða sem almenningsíþrótt sér til heilsubótar.

Aðgerðir 2020-2021

A.1. ÍSÍ er með ýmislegt í gangi til þess að efla almenningsíþróttir s.s. verkefni eins og Lífshlaupið og hjólað í vinnuna. Aðilar innan BFSÍ eru að vinna að ýmsum slíkum verkefnum. UMFÍ hefur á landsmótum sínum verið með bogfimi á dagskránni. Auk þess sem bæði Bogfimisetrið og Bogaskyttan á Akureyri hafa verið opin almenningi og mörg af íþróttafélögum í BFSÍ hafa sinnt kynningarstarfi í skólum og á viðburðum eins og 17 júní. Það eru mál sem huga þarf að hjá hinu nýja Bogfimisambandi þannig að ákveðið var að stjórnin myndi ekki hafa frumkvæði af slíkum viðburði á tímabilinu 2020 – 2021.

A.2. Veita þeim sem hafa áhuga á að stofna bogfimifélag í sinni heimabyggð fræðslu og leiðbeiningar.

A.3. Taka saman íðorðasafn fyrir bogfimiíþróttir, sem vonandi getur gagnast byrjendum í bogfimi til þess að kynnst helstu orðum og hugtökum bogfiminnar á íslensku.

B. Þjónusta við aðildarfélög og félagsmenn þeirra

Bogfimisambandinu er ætlað að veita iðkendum í íþróttafélögum, sem eru aðilar að sambandinu, ýmsa þjónustu s.s. að halda Íslandsmót og halda utan um Íslandsmetaskrá auk fleiri atriða.

Aðgerðir 2020-2021:

B.1. Halda árlega Íslandsmót í bogfimi bæði innandyra og utandyra.

B.2. Halda skrá yfir Íslandsmet og útgáfu staðfestinga á þeim.

B.3. Stuðla að menntun og endurmenntun dómara.

B.4. Stuðla að menntun og endurmenntun bogfimiþjálfara.

B.5. Fylgjast með því sem er að gerast á vettvangi WA. Taka þátt á WA þingum, Evrópu og Norðurlandasamstarfi (WAN). Í framhaldi af því að uppfæra reglur og koma mikilvægum atriðum á framfæri til aðildarfélaga BFSÍ.

C. Afreksstarf

Afreksstarf (Elite Performance) er mikilvægt bogfimiíþróttum hér á landi. Mikilvægt er að haldið sé vel utan um afreksefni og afreksfólk í bogfimi þannig að það sé fært um að keppa fyrir Íslands hönd á mótum erlendis.

Rétt er að geta þess að á stofnþingi sambandsins var kynnt afreksstefna fyrir BFSÍ.

Aðgerðir 2020-2021

C.1. Ganga frá ráðningu íþróttastjóra til þess að koma afreksstefnunni og öllum verkefnum hennar í framkvæmd.

C.2. Skráning keppenda á erlend mót í samræmi við afreksstefnuna fyrir hönd Íslands (EM, HM, OL og fleiri mót).

C.3 Undirbúa gerð 4 ára afreksstefnu fyrir bogfimiþing 2021

D. Fræðsla og útbreiðsla

Fræðsla og útbreiðsla (Promotional Activity). Þörf er á því að kynna og auglýsa íþróttina. Bæði til þess að fjölga iðkendum og til þess að skapa áhuga meðal almennings á íþróttinni þannig að bogfimi sé sýnilegri í samfélaginu. Stefna að því að um bogfimi sé fjallað í íþróttufréttum fjölmiðlanna

Aðgerðir 2020-2021

D.1. Myndbandsupptökur af úrslitum á Íslandsmótum til þess að koma á framfæri á Netinu.

D.2. Skrifa fréttir og annað kynningarefni á Archery.is um það sem er að gerast hér á landi í bogfimi og stuðla að deilingu fréttanna á samfélagsmiðlum.

D.3. Hvetja aðildarfélögin til þess að skrifa greinar á Archery.is um félagsstarf sitt til þess að kynna starfsemi sína.

D.4. Aðrar aðgerðir sem líklegar eru til þess að fjölga iðkenda í aðildarfélögum sambandsins.

E. Fjármál

Fjármál (Financial Management). Þörf er á Bogfimisambandið hafa traustan fjárhagslegan grundvöll. Þannig að sambandið hafi fjárhagslega getu til þess að sinna markmiðum sínum og hafi traust aðila sem veita því styrki.

Aðgerðir 2020-2021

- E.1. Ganga frá ýmsu í fjármálum í tengslum við stofnun BFSÍ.
- E.2. Reyna að afla styrkja frá ÍSÍ og fleiri aðilum.
- E.3. Tryggja að fjármál séu innan fjárhagsáætlunar.

F. Skipulag

Skipulag (Organisational Structure). Mikilvægt er að stjórnskipulag sambandsins sé skýrt og starf þess sé gegnsætt. Setja þarf skýrar verklagsreglur um starfsemi þess og ýmislegt er lítur að bogfimiíþróttinni hér á landi. Ljóst er að sambandið mun í þessu efni styðjast við þær reglur og leiðbeiningar sem World Archery og ÍSÍ hafa gefið út.

Aðgerðir 2020-2021

- F.1. Setja sambandinu skýrt og gegnsætt skipulag og verklagsreglur. Stefnt er að því að meginsvið BFSÍ verði:
 - Afrekssvið (sér um framkvæmd afreksstefnunnar)
 - Mótasvið (sér um framkvæmd Íslandsmóta)
 - Fræðslu- og útbreiðslusvið
 - Alþjóðasamskipti
 - Stjórnunarsvið (sér um fjármál og stoðþjónustu)
- F.2. Ráða starfsmenn eða verktaka til þess að framkvæma ákveðna þætti til þess að koma stefnunni í framkvæmd.
- F.3. Undirbúa formannafundi og bogfimiþing.

Samhengi á milli stefnunnar og laga BFSÍ

Gæta þarf að því að stefna BFSÍ sé í samræmi við lög sambandsins sem tilgreind eru í 3. grein laganna. Í eftirfarandi töflu er hugað að þessu samhengi.

Tilgangur og markmið skv. 3.gr.	Stefna	Framkvæmd
1. hafa yfirstjórn allra sérgreina- málefna bogfimiíþróttá á Íslandi;	1.1. Margar tegundir bogfimi- íþróttá eru til. Stefna BFSÍ er að leggja áherslu á þær keppnis- greinar markbogfimi sem WA leggur áherslu á og hefur gefið út leikreglum fyrir. Í þessu sambandi má benda á að ensk heiti BFSÍ er “World Archery Iceland”.	Þing, formanna- fundir og stjórnin
2. að setja og fylgja eftir reglum, fræða og löggilda dómara og þjálfara, staðsetja og framkvæma mót BFSÍ og staðfesta íslensk met;	<p>2.1. Stefnt er því að setja og uppfæra reglur BFSÍ þannig að þær séu sem mest í samræmi við reglur WA og ÍSÍ.</p> <p>2.2. Halda árlega Íslands- meistaramót í markbogfimi innandyra fyrir berboga, sveigboga og trissuboga í öllum aldursflokkum.</p> <p>2.3. Halda árlega Íslands- meistaramót í markbogfimi utandyra fyrir berboga, sveigboga og trissuboga í öllum aldursflokkum.</p> <p>2.4. Áhersla verður lögð á fræðslu og faggildingu dómara. Stefnt er að fjölgun faggiltra dómara sérstaklega úti á landi þar sem skortur er á þeim.</p> <p>2.5. Bogfimi hefur verið í miklum vexti á undanförunum árum og er skortur á menntuðum þjálfurum. Áhersla verður lögð á fræðslu og faggildingu þjálfara. Stefnt er að fjölgun þjálfara.</p> <p>2.6. Halda íslandsmetaskrá og gefa út staðfestingar á íslands- metum.</p>	<p>Stjórnin</p> <p>Íþróttastjóri</p> <p>Íþróttastjóri</p> <p>Útbreiðslustj.</p> <p>Útbreiðslustj.</p> <p>Íþróttast./stjórn</p>

Tilgangur og markmið skv. 3.gr.	Stefna	Framkvæmd
3. að vera fulltrúi Íslands gagnvart erlendum og fjölþjóða bogfimi-samtökum innan ólympíu-hreyfingarinnar og gæta þess að gildandi reglur um bogfimiíþróttir á Íslandi séu í samræmi við alþjóðareglur;	3.1. Stefnt er að þátttöku á heims (WA), Evrópu- og Norðurlanda þingum 2020-2021.	Formaður
4. að efla og skipuleggja málefni og verkefni landsliða;	4.1. Setja afreksstefnu um hvernig staðið skuli að afreksstarfi.	Íþróttastjóri
5. stuðla að auknum skilningi á málefnum sambandsins útávið;	5.1. Á árunum 2020-2021 verður megináherslan á uppbyggingu á innra skipulagi, eflingu aðildarféлага, fjölgun dómara og fjölgun þjálfara.	Stjórnin og starfsmenn
6. stuðla að góðri samvinnu félaga sinna;	6.1. Hvetja til samvinnu milli félaga innan BFSÍ.	Útbreiðslustj.
7. stuðla að gerð og útgáfu fjölmiðlaefni til framdráttar íþróttarinnar;	Útbreiðslustefna. Vefmiðill - Archery.is tengur við Facebook og hugsanlega aðra samfélagsmiðla.	Stjórn og starfsmenn.
8. leitast við að jafna ágreining er upp kann að koma á milli sambandsaðila. Sambandið skal þó ekki hafa það úrskurðarvald nema báðir eða allir aðilar óska þess.	Taka á slíkum málum ef slík mál koma upp.	Stjórn eða sidanefnd